

LÖG
um breytingu á lögum um grunnskóla,
nr. 91/2008 (símar og snjalltæki).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 4. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun síma og snjalltækja í grunnskóla.

2. gr.

Á eftir orðunum „um öryggi og velferð barna“ í 3. mgr. 33. gr. a laganna kemur: notkun síma og snjalltækja.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 18. mars 2026.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Inga Sæland.